



Reykjavík, 9. janúar 2025

USK24060430

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 28. júní 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfsæðisflokksins:

Í úrskurði Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 3. febrúar 2022 í máli 134/2021 kemur fram að forsendur höfnunar á ógildingu nýs deiliskipulags vegna "Nýja Skerjafjarðar" séu meðal annars að ráðist verði í breytingar á deiliskipulagi Skerjafjarðar, þ.e.a.s. þess gamla. Sbr. úrskurðarorð nefndarinnar: "Fram kemur í greinargerð með hinu kærða deiliskipulagi að farið verði í vinnu við að breyta núgildandi deiliskipulagi Skildinganes og deiliskipulagi Einarsness þar sem hljóðvist vegna umferðar yrði tekin fyrir og ráðist í mögulegar mótvægisáðgerðir. Að framangreindu virtu er ekki að finna þá form- eða efnisannmarka á hinni kærðu ákvörðun er raskað geta gildi hennar og verður kröfu kæranda þar um því hafnað." Hvernig miðar þeirri vinnu sem lögð var til grundvallar úrskurði úrskurðarnefndarinnar? Hvenær mega íbúar við Einarsnes búast við því að þau sjái hvernig framtíðin við götuna lítur út? Sérstaklega í ljósi þess að búist er við að bílaumferð í götunni aukist úr 2.800 bílum í 9.000 bíla á dag eða um 322%.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 14. ágúst 2024.

Svar:

Upprunalegt deiliskipulag fyrir Einarsnes er frá árinu 1989 og fyrir Skildinganes frá árinu 2004. Gerðar hafa verið nokkrar minniháttar breytingar á báðum deiliskipulagsáætlunum síðan þá. Þegar skipulag fyrir nýja byggð í Skerjafirði fór af stað var ljóst að grípa þyrfti samhlíða til einhverra mótvægisáðgerðir við aðkomur að hinni nýju byggð í Skerjafirði og þá sérstaklega hvað varðar hljóðvistarmál í og við Einarsnes. Nokkur óvissa hefur verið um endanlegt umfang íbúðabyggingarinnar í Nýja Skerjafirði en samkvæmt gildandi aðalskipulagi þá er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á svæðinu umfram það skipulag sem nú þegar liggur fyrir og var samþykkt árið 2021 og síðast uppfært árið 2023.



Reykjavík



Forsendur fyrir hljóðvörnum og öðru þeim tengdum samsíða Einarsnesi hafa því ekki fyllilega legið fyrir enn sem komið er. Engu að síður er gert ráð fyrir því að á árinu 2025 verði ráðist í greiningarvinnu og undirbúning fyrir breytingar á deiliskipulagi fyrir Einarsnes vegna hljóðvistarmála.

Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á svari við fyrirspurninni en áætlun um skipulagsgerð á svæðinu hefur ekki legið fyrir hingað til.

Virðingarfyllst,
Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi



Reykjavík